

## Gjaldskrá

### Lögheimtunnar og PACTA

#### *I. Almennt*

##### **1. gr.**

Gjaldskrá þessi hefur að geyma almennar viðmiðunarreglur um gjaldtöku fyrir veitta lögfræði- og innheimtuþjónustu Lögheimtunnar, enda sé ekki um annað samið. Auk þóknunar skal ávallt greiddur útlagður kostnaður vegna einstakra mála. Þóknun skal almennt greidd fyrirfram með hliðsjón af væntanlegu umfangi verks.

Öll verð eru án virðisaukaskatts.

##### **2. gr.**

Við ákvörðun þóknunar í öðrum málum en innheimtumálum, skal almennt miða við unninn tíma í þágu hvers máls, enda sé ekki annað tekið fram í gjaldskrá þessari. Frá því má þó víkja með hliðsjón af þeim hagsmunum sem um er fjallað og því verki sem látið er í té, ýmist til hækkunar eða lækkunar, svo sem ef verkefni reynast óvenju tímafrek eða fljótunnin.

#### *II. Tímagjald*

##### **3. gr.**

Tímagjald er kr. 20.900 til kr. 53.700 miðað við einnar klukkustundar vinnu samkvæmt tímaskráningu þess sem verkið vinnur. Fyrir hvert símtal skulu að jafnaði skráðar 15 mínútur, nema símtalið taki lengri tíma. Í tímagjaldinu er innifalinn ýmis nauðsynlegur skrifstofukostnaður, svo sem minni háttar ljósritun, vélritun, faxsendingar og póstburðargjöld. Við ákvörðun tímagjalds í hverju tilviki skal meðal annars líta til umfangs verks, hvort það kallar á sérþekkingu lögmannsins, hversu miklir hagsmunirnir eru, hversu aðkallandi verkefnið er, reynslu þess lögmanns sem verkið vinnur og hvort það er unnið á erlendum tungumálum.

Almennt er tímagjald verkefnastjóra og lögfræðings án málflutningsréttinda kr. 20.900, lögmanns með minna en 3ja ára reynslu kr. 28.500, lögmanns með meiri reynslu kr. 32.500 og tímagjald lögmanns með leyfi til málflutnings fyrir áfrýjunar-dómstólum kr. 38.100.

#### *III. Málflutningur*

##### **4. gr.**

Þóknun vegna málflutnings og málsmeðferðar fyrir dómi skal almennt ákvörðuð með tilliti til þeirra hagsmuna sem um er fjallað. Málskostnaður fellur á við útgáfu stefnu. Málskostnaður samkvæmt þessari grein getur þó aldrei orðið lægri en sem nemur tímagjaldi samkvæmt tímaskráningu. Dæmdur málskostnaður í máli, hefur ekki áhrif til lækkunar á málflutningsþóknun lögmanns samkvæmt þessari grein.

1. Í þeim málum sem eru munnlega flutt eða gagnaöflun fer fram í eftir þingfestingu, skal málflutningsþóknun vera kr. 281.000 að viðbættum 15% af stefnufjárhæð og vöxtum, allt að kr. 9.902.000, 7% af næstu kr. 19.094.000 og 4% af því, sem umfram er.
2. Í öðrum málum en um ræðir í 1. tl., og gagnaöflun fer ekki fram í eftir þingfestingu, þar sem máli lýkur með niðurfellingu að ósk stefnanda, með sátt eða fyrir útivist stefnda, skal grunngjald málflutningsþóknunar vera kr. 120.000.- að

- viðbættum 15% af stefnufjárhæð og vöxtum, allt að kr. 596.000. 12,5% af næstu kr. 7.969.000, 6% af næstu kr. 16.724.000 og 3% af því, sem umfram er.
3. Náist samkomulag í máli, sem leiðir til dómssáttar, skal reikna þóknun eftir 1. eða 2. tl., eftir eðli máls.

#### **IV. Innheimtur**

##### **5. gr.**

Innheimtuþóknun samkvæmt neðangreindu reiknast af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta. Skuldari kröfu stendur skil á innheimtuþóknun, en skuldareigandi að því leytí sem innheimtan reynist árangurslaus. Innborgun á kröfu gengur fyrst til greiðslu útlagðs kostnaðar og innheimtuþóknunar. Þóknun tekur mið af auglýsingu innanríkisráðherra, nr. 450/2013, að teknu tilliti til breytinga á launavístölu.

1. Almennar innheimtur:  
Grunngjald innheimtuþóknunar er kr. 12.000, en við bætast 25% af fyrstu kr. 99.300, 10% af næstu kr. 397.000, 5% af næstu kr. 3.969.000 og 2% af því, sem umfram er, en þó aldrei hærri en kr. 695.000.
2. Sé innheimtan fyrir aðila, búsettan erlendis, skal kröfuhafi greiða allt að 15% af innheimtri fjárhæð, auk þóknunar samkvæmt 1. tl.

##### **6. gr.**

Þóknun er kr. 12.000 fyrir ritun greiðsluáskorunar, beiðnar um aðför, nauðungarsölu og vörslusviptingar, kröfulýsingar, kröfu um gjaldprotaskipti og afturkallanir.

Grunnþóknun vegna vörslutöku fjárnumdra eigna er kr. 12.000, auk þóknunar þess sem annast vörslutökuna, auk alls kostnaðar við flutning, geymslu o.þ.h..

##### **7. gr.**

Þóknun fyrir könnun á stöðu greiðanda á vanskilaskrá, öflun upplýsinga um heimilisfang í þjóðskrá og fyrirtækjaskrá og aðra sambærilega öflun upplýsinga, svo sem við skráningu mála, svo og útprentun veðbandayfirlita og annarra útskrifta, er kr. 1.500.

Fyrir öflun upplýsinga um stöðu áhvílandi lána, verðmæti eigna og annan undirbúning fyrir framhaldssölur eigna reiknast þóknun samkvæmt tímagjaldi, þó að lágmarki kr. 12.000, auk útlagðs kostnaðar.

##### **8. gr.**

Þóknun fyrir ítrekun, sem send er með bréfi, tölvupósti, símtali, sms skilaboðum, eða á annan hátt, svo sem vegna greiðslufalls dómssáttar, eða annars samnings um uppgjör skuldar, sem og aðvörun um frekari innheimtuaðgerðir, sérstaklega þegar fyrir dyrum eru innheimtuaðgerðir, sem fela í sér aukinn kostnað fyrir greiðanda, er kr. 2.000, sama á við um frestanir aðgerða að ósk skuldara.

Afgreiðslu- og færslugjald vegna hvernar greiðslu inn á skuld, nema þegar greitt er með eingreiðslu, er kr. 1.500, fyrir hverja greiðslu.

#### **V. Mótskostnaður**

##### **9. gr.**

Þóknun fyrir mót, samkvæmt neðangreindu, reiknast af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta.

1. Fyrir fyrsta mót hjá sýslumönnum við aðför, nauðungarsölumeðferð, kyrrsetningu, lögbanns- og löggeymslugerðir, svo og útburðar- og innsetningargerðir, skal greiða kr. 19.900.

2. Fyrir seinni mót hjá sýslumönnum skal greiða kr. 12.000. Fari meiri tími til verksins, með ferðum, en 15 mínútur, skal fyrrgreind fjárhæð reiknast fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur.
3. Fyrir mót í málum, þar sem örðugt er að meta hagsmuni til fjár, skal við ákvörðun þóknunar taka tillit til mikilvægis málsins, umfangs þess, sem og þess tíma sem meðferð málsins tekur.

#### ***VI. Aksturs- og ferðakostnaður***

##### **10. gr.**

Aksturs- og ferðakostnaður, vegna móts og funda, er kr. 5.300, ef mætt er á á sama byggðasvæði og skrifstofa viðkomandi starfsmanns er, en eftir reikningi, með hliðsjón af lengd ferðar og tilkostnaði, í öðrum tilvikum. Gjald fyrir ekinn kílómetra skal vera á bilinu 131 krónur til 271 krónur. Hafi ferðalag í för með sér dvöl á stað utan byggðasvæðis starfsmanns 1/2 sólahring eða lengur, skal reikna dagpeninga miðað við tímagjald, sbr. 3. gr., með 30% álagi, auk alls útlagðs kostnaðar.

#### ***VI. Tjónabætur***

##### **11. gr.**

Fyrir uppgjör og samninga um tjónabætur skal þóknun vera sem segir í 1. tl. 5. gr., að viðbættum 30%, ef gagnaöflun er samfara.

#### ***VII. Kaup og sala fasteigna og lausafjár eða leiga.***

##### **12. gr.**

Þóknun fyrir kaup eða sölu fasteigna og lausafjár skal almennt ákvörðuð með tilliti til þeirra hagsmuna sem um er fjallað samkvæmt neðangreindu. Ákvæði þessi gilda einnig um kaup og sölu atvinnufyrirtækja.

1. Sala fasteigna og skráðra skipa, 2% af söluverði.
2. Kaup fasteigna og skráðra skipa, 1% af kaupverði.
3. Fyrir að annast alla skjalagerð og frágagn við sölu á fasteign eða skráðu skipi, 1% af söluverði.
4. Fyrir að athuga samninga og skjöl við sölu eða kaup fasteigna, skipa, lausafjár eða annarra eigna, sem annar aðili hefur gert, greiðist þóknun samkvæmt tímagjaldi, auk allt að 0,5% af samningsfjárhæð.
5. Sala atvinnurekstrar, 5% af söluverði.
6. Kaup á atvinnurekstri 2,5% af kaupverði.

##### **13. gr.**

Þóknun fyrir gerð kaupsamninga eða afsalsbréfa skal vera kr. 77.000 og allt að 1.5% af kaupverði eftir umfangi verks.

##### **14. gr.**

Þóknun fyrir gerð leigusamninga skal vera kr. 31.000 til kr. 84.000 eftir umfangi verks auk tímagjalds samkvæmt 3. gr. fyrir þann tíma sem fer í viðtöl og gagnaöflun.

#### ***VIII. Búskipti, greiðslustöðvun, nauðasamningar***

##### **15. gr.**

Þóknun fyrir skiptastjórn, aðstoð við greiðslustöðvun eða umsjón með nauðasamningum reiknast samkvæmt 3. gr. Fyrir málflutning eða innheimtur sem tengjast skiptastjórn greiðist samkvæmt greinum 4 og 5.

##### **16. gr.**

Þóknun fyrir einkaskipti dánarbúa, skiptastjórn samkvæmt erfðaskrá, gæslu hagsmuna við búskipti í dánarbúum og við opinber skipti, félagsslit og fjárlit milli hjóna og

sambúðarfólks er reiknuð af heildarfjárhæð nettó arfs- eða búshluta þess eða þeirra sem unnið er fyrir og með eftirgreindum hætti:

Grunngjald er kr. 135.000. Að auki 15% af fyrstu kr. 1.350.000, 10% af næstu 3.708.000, 8% af næstu kr. 18.483.000 og 6% af því sem umfram er.

### ***IX. Ýmis skjalagerð.***

#### **17. gr.**

Fyrir gerð erfðaskrár, skiptasamnings hjóna eða sambúðarfólks, gerð kaupmála eða sambúðarsamnings skal þóknun vera kr. 31.000 til kr. 84.000 eftir umfangi verks, auk tímagjalds samkvæmt 3. gr. fyrir þann tíma sem fer í skjalagerðina, viðtöl og gagnaöflun.

#### **18. gr.**

Þóknun fyrir gerð skuldabréfa, tryggingarbréfa, veðleyfa, veðflutnings, aflýsingar, veðbandslausnar eða skjals um skilmálabreytingu á skuldabréfi reiknast samkvæmt tímagjaldi, sbr. 3. gr., þó að lágmarki kr. 11.000. Sé um að ræða einfalda afgreiðslu erindis, svo sem vegna samþykkis einfalds skilyrts veðleyfis, skal þó gefa allt að 50% afslátt frá lágmarksþóknun. Heimilt er einnig að reikna þóknun miðað við hagsmuni sem í húfi eru, allt að kr. 0,5% af fjárhæð.

Þóknun fyrir skjalagerð við stofnun félags er kr. 55.000 til kr. 139.000 eftir umfangi verks auk tímagjalds samkvæmt 3. gr. fyrir þann tíma sem fer í skjalagerðina, viðtöl og gagnaöflun.

### ***X. Gildistaka***

#### **19. gr.**

Gjaldskrá þessi gildir frá 1. mars 2023 og er byggð á auglýsingu nr. 450/2013, að teknu tilliti til þróunar launavísitölu.

PACTA/Lögheimtan ehf.